

Fundargerð (23)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 16. febrúar 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Raket Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams sunnudaginn 14. febrúar.

1. **Fundargerð 22. fundar** samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Tæknimál - til upplýsinga og umræðu.** Tæknimálin hafa verið á dagskrá fjölda stýrihópsfunda frá upphafi og verkefnisstjórnin hefur ítrekað minnt á að í tæka tíð þurfi að tryggja nauðsynlegar breytingar á tæknikerfum, sem þjóna launagreiðendum. Miðað hefur verið við að breytingar liggi fyrir í febrúarmánuði til að unnt sé að greiða laun samkvæmt nýja kerfinu frá maímánuði 2021. Sverrir upplýsti um þróun í þessu máli á vettvangi ríkisins síðustu vikur, sem m.a. hefur orðið til þess að Ríkiskaup hafa auglýst eftir áhugasömum aðilum til skemmri tíma sem hafa tilbúnað tæknilegar lausnir til að gera vaktaskýrslur og afgreiða laun í breyttu vaktavinnukerfi. Einstakar stofnanir geta þá valið þau kerfi sem þær telja henta sér best. Til framtíðar er unnið að útboði ríkisins á mannauðskerfi í samræmi við óskir og þarfir stjórnenda hjá ríkinu.

Málið rætt og samþykkt að Sverrir skili minnisblaði sem sent verður út með gögnum næsta stýrihópsfundar. Því fylgi samantekt verkefnisstjórnar um umræður og bókanir varðandi tæknimálin í stýrihópi. Í minnisblaðinu verði fjallað um stöðu málsins, sett fram tímasett áætlun um skrefin framundan og hvenær nauðsynlegar breytingar liggi fyrir. Jafnframt komi þar fram upplýsingar um samráð og samstarf milli opinberu launagreiðendanna, og helstu álitafnir og áskoranir sem þeir búa sig undir í þessu viðfangsefni. Sé tilefni til munu Reykjavíkurborg og Samband ísl. sveitarfélaga gera sérstaklega grein fyrir stöðu þessara mála hjá sér.

4. **Orlof, leiðbeiningar eftir breytingar á starfshlutfalli- til umræðu og ákvörðunar.** Bára Hildur fór yfir breytingartillögur sem gerðar hafa verið við tillögu verkefnisstjórnar, sem fyrir lá í fundargögnum. Eftir umræðu var samþykkt að koma megi ábendingum til verkefnisstjórnar til loka dags á morgun, 17. febrúar, en markmiðið er að gefa leiðbeiningarnar út í vikunni þegar verkefnisstjórn hefur yfirfarið ábendingar frá fulltrúum í stýrihópi.
5. **Innleiðingarhópar – verkefnaáætlun.** Verkefnaáætlanir hafi borist frá öllum innleiðingarhópum og var farið yfir þær. Almenn ganga störf í innleiðingarhópum eftir áætlun og kom fram ánægja með störf í öllum hópunum. Þess er óskað að þökkum stýrihópsins verði komið á framfæri við innleiðingarhópana.
6. **Fundur með lykilaðilum - til upplýsinga.** Bára Hildur fór yfir samantekt sem lá fyrir í fundargögnum um vinnufundi sem verkefnisstjórn hefur haldið með lykilaðilum. Fundirnir hafa verið þarfir og upplýsandi um stöðu mála. Niðurstaða verkefnisstjórnar er að mál séu í ágætu horfi í öllum megindrattum.
7. **Önnur mál**
 - **Fjármögnun kannana vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.** Einar Mar upplýsti að matshópurinn sé nú að undirbúa formlegar kannanir til að leggja mat á hvort forsendur og markmið með betri vinnutíma í vaktavinnu gangi eftir. Til þess þurfi að kaupa að sérfræðivinnu. Hugmyndin sé að þau útgjöld verði kostuð með sama hætti og fræðsla, þ.e. úr starfsmenntasjóðum og þannig megi tryggja sameiginlegt eignarhald og ábyrgð á verkefninu. Málið rætt og matshópnum falið að skila skriflegri tillögu og greiningu til stýrihópsins þannig að ræða megi málið undir sérstökum dagskrárlið á næsta fundi.
 - **Gögn, skjöl og leiðbeiningar.** Tryggvi greindi frá umræðu á vinnufundum með verkefnastjórn. Þar hafi verið rætt um skil á gögnum tengdum Gullinbrú og gátlistum til innleiðingarhópa. Óskar hann eftir samræmdum leiðbeiningum frá stýrihópi um þau efni. Þá sagði hann frá áhyggjum SFV af fjármögnun breytinganna sem gilda munu frá 1. maí næstkomandi. Verkefnisstjóri mun í samráði við hann undirbúa málið til umræðu undir sérstökum dagskrárlið á næsta fundi stýrihópsins.
 - **Skipting vakta.** Marianna upplýsti um erindi frá Þroskaþjálfafélaginu til verkefnisstjórnar varðandi skiptingu vakta og jafnræði í starfsmannahópi. Óskaði hún eftir því að erindinu yrði komið í farveg, annað hvort hjá innleiðingarhópi eða stýrihópi. Erindinu verður beint til umfjöllunar í innleiðingarhópi.
 - **Stuðningur við kyndilbera í breytingunum.** Sonja Ýr benti á að huga þurfi vel að stuðningi við kyndilbera þessa verkefnis nú þegar breytingar séu yfirvofandi. Verkefnisstjórn fer yfir málið ásamt Sonju milli funda og setur það á dagskrá næsta fundar.

Fundi slitið kl. 15.46. Fundargerð er aðgengileg á Teams. Vegna vetrarfría í skólum verður næsti fundur **miðvikudaginn** 24. febrúar kl. 14.00.